

**Skýrsla Orkustofnunar til
lðnaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði**

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lðnaðarráðuneytið

OS-2010/09

Skýrsla Orkustofnunar til
lænaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lænaðarráðuneytið

OS-2010/09

978-9979-68-289-9

Skýrsla nr.: OS-2010/09	Dags.: 14. febrúar 2011	Dreifing: Opin x Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Skýrsla Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði		Upplag: 12 Fjöldi síðna: 14
Höfundar: Benedikt Guðmundsson		Verkefnisstjóri: Benedikt Guðmundsson
Gerð skýrslu / Verkstig:		Verknúmer:
Unnið fyrir: Iðnaðarráðuneytið		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur:		
Lykilorð:	ISBN-númer: 978-9979-68-289-9	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: Guðna A. Jóhannessyni 	

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	7
2	NIDURGREIÐSLUR ÁRSINS 2009	7
2.1	Almennar niðurgreiðslur	7
2.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva	8
2.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	8
2.4	Smávirjkjana- og varmadæluverkefni	9
2.5	Orkusparnaðaráttak	9
2.6	Umsjón og rekstur Orkustofnunar	10
2.7	Niðurstaða ársins 2009	10
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2010	10
3.1	Almennar niðurgreiðslur	10
3.2	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	11
3.3	Smávirkjjanir og varmadælur	11
3.4	Jarðhitaleit á köldum svæðum	11
3.5	Orkusparnaðaráttak	11
3.6	Rekstur Orkustofnunar	11
3.7	Endurskoðuð áætlun ársins 2010	11
4	ÁÆTLAÐAR NIDURGREIÐSLUR ÁRSINS 2011	12
4.1	Almennar niðurgreiðslur	12
4.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum	12
4.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	12
4.4	Smávirkjjanir og varmadælur	13
4.5	Jarðhitaleit á köldum svæðum	13
4.6	Orkusparnaðaráttak	13
4.7	Umsjón og rekstur Orkustofnunar	13
5	TILLÖGUR	13
5.1	Niðurgreiðslur ársins 2011	13
5.2	Breyting á framkvæmd niðurgreiðslna	14
5.3	Skerpa reglur varðandi umsóknarferil hitaveitna um eingreiðslna til hitaveitna	14

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2009 á verðlagi hvers árs m.v. vísitölu neysliverðs í árslok 2009	7
--	---

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.	8
Tafla 2: Eingreiðslur til hitaveitna	8
Tafla 3: Hitaveituf framkvæmdir sem voru á áætlun 2009 en var slegið á frest	9
Tafla 4: Nýjar hitaveituf framkvæmdir á árinu 2009	9
Tafla 5: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2009	10
Tafla 6: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010	10
Tafla 7: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2010	11
Tafla 8: Endurreiknuð áætlun ársins vegna fjárlagaliðar 11-373 árið 2010	12
Tafla 9: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2011 ...	12
Tafla 10: Heildar fjárför vegna eingreiðslna til hitaveitna	13


1 INNGANGUR

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Orkustofnun er samkvæmt lögum frá 2002 falið að hafa umsjón með málaflökknum og skila árlega skýrslu til iðnaðarráðherra. Í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar frá 2009 um niðurgreiðslur til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu. Þar er einnig að finna upplýsingur um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna, smávirkjanir og varmadætur, jarðhitaleit á köldum svæðum og svo kallað orkusparnaðaráttak. Skýrslan inniheldur einnig með sama hætti endurskoðaða áætlun fyrir árið 2010 og áætlun fyrir árið 2011. Skýrslan var gerð í september 2010 og endurskoðuð í lok desember 2010. Einnig eru lagðar fram tillögur að framkvæmd niðurgreiðslna í dreifbýli, breytingar á umsóknarferli hitaveitna til eingreiðslna og að sérstakt áttak verði gert til þess að kortleggja jarðhitaleitaráttak stjórnvalda frá 1998 til þessa dags.

2 NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2009

2.1 Almennar niðurgreiðslur

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði 25,7 milljörðum króna á núvirði til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2009 á verðlagi hvers árs m.v. vísitölu neysluverðs í árslok 2009

Í töflu 1 má sjá hvernig niðurgreiðslur skiptast milli þéttbýlis, dreifbýlis og RO –veitna þ.e. hitaveitna sem nota rafmagn eða olíu til hitunar. Á fjárlögum ársins 2009 var gert ráð fyrir 1.176,6 millj. kr. til fjárlagaliðar 11-373. Til dreifiveitna fóru 935,9 millj.kr. til lækkunar á raforkureikningi notenda.

Ár 2009	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HSV	Rafveita Reyðarfjarðar	OR	Norðurorka	Samtals m.kr.
Rafhitun þéttbýli	239,5	68,8	14,8	28,3	3,9	1,0	356,3
Rafhitun dreifbýli	338,2	39,9	4,5	0	0	0	382,6
Rafhitun frá RO-veitu	34,8	89,0	73,1	0	0	0	196,9
Samtals millj. kr.	612,5	197,7	92,4	28,3	3,9	1,0	935,8

Tafla 1: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.

2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2009 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 8,0 m.kr. Olíuverð var í hámarki á árinu 2008 og nemur lækkunin milli ára um tveimur millj. kr. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 4,3 m.kr. Til þessa málaflokks fóru alls 12,3 m.kr. Samtals námu niðurgreiðslur vegna húshitunar frá dreifiveitum, heimarafstöðvum og vegna olíuhitunar 948,1 m.kr.

2.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Á árinu 2009 voru samþykktar breytingar á niðurgreiðslulögunum í þá veru að gefa notendum kost á því að sækja um styrk vegna bættrar orkunýtingar gegn því að lækka niðurgreiðsluhlutfallið hjá viðkomandi notanda. Framkvæmd laganna tafðist fram á haustið og því voru færri umsóknir afgreiddar en vonir stóðu til um á árinu 2009. Verulega dró úr nýframkvæmdum á vegum hitaveitna á árinu 2009 og þar sem Alþingi hafði samþykkt fjárukalög að upphæð 151 millj. kr. til þess að mæta skuldbindingum sem fyrir voru tókst að greiða að fullu hitaveituframkvæmda á köldum svæðum á árinu 2009. Neðanskráð verkefni voru gerð upp með þeim fjármunum sem fengust á fjárukalögum.

Veita	Eftirstöðvar	Greitt í árslok	Til greiðslu
	árslok 2008 þ.kr.	2008 þ.kr.	árið 2009 þ.kr.
Hitaveita Eskifjarðar	2.000		2.000
Skagafjarðaveitur v/ Akrahrepps	1.065		1.066
Skagafjarðaveitur v/ Hofsóss	56.071	39.000	17.071
Skagafjarðarveitur v/ sunnan Steinsstaða	256		256
Hitaveita Flúða	4.841	3.000	1.841
Norðurorka v/ Eyjafjarðarsvæðis	11.601	5.000	6.601
Norðurorka/Reykjaveita. Grenivík	80.133	60.000	20.133
Hitaveita Dalvíkur	18.963	13.000	5.963
Rarik Siglufirði	1.949	1.949	0
Orkuveita Reykjavíkur hitaveita Suðurlandi	17.352	12.000	5.352
Orkuveita Húsavíkur v/Bergsstaða	737	737	0
Hitaveita Hraungerðishreppur (Flóahrepps)	8.645	3.000	5.645
Alls	203.613	137.686	65.927

Tafla 2: Eingreiðslur til hitaveitna

Þau verkefni sem ráðgerð voru á árinu 2009 til 2011 hjá hitaveitum var slegið á frest og jafnvel hætt alveg við meðan önnur koma til framkvæmdar á árinu 2010 til 2012. Í töflu 3 má sjá þau verkefni sem slegið var á frest og eru til skoðunar hjá hitaveitum á árinu 2010 og 2011.

Veita	Heildar- kostnaður þ.kr.	Fráðregið jarðhitaleit	Þegar greitt	Eftirstöðvar Þ.kr.
Norðurorka v/ hitaveitu í Eyjafjarðarsveit	22.000	0	0	22.000
Hitaveita Egilsstaða og Fella	21.242	0	0	21.242
Orkuveita Reykjavíkur v/hitaveitu í Þykkvabæ	43.451	0	0	43.451
Hitaveita í Skútustaðahreppi	7.501	0	0	7.501
RARIK vegna hitaveitu til Skagastrandar	141.183	0	0	141.183
Alls	235.377	0	0	235.377

Tafla 3: Hitaveituframkvæmdir sem voru á áætlun 2009 en var slegið á frest

Þá voru nokkur verkefni tilkynnt þegar líða fór á árið en þau helstu voru neðanskráð:

	Eingreiðsla þ.kr.	Jarðhitaleit styrkur	Nettó greiðsla þ.kr.
Yfirtaka Hitaveita IDA	3.072	0	3.072
Hitaveita Grímsnes- og Grafningshreppur	3.287	0	3.287
Hitaveita Hólar Króksfjarðarnes	550	0	550
Hitaveita Selfoss	5.948	0	5.948
	12.857		12.857

Tafla 4: Nýjar hitaveituframkvæmdir á árinu 2009

2.4 Smávirkjana- og varmadæluverkefni

Smávirkjanaverkefnið skilaði sér í umsóknum frá yfir 60 aðilum vítt og breytt um landið sem fengu aðstoð við að kanna hagkvæmni þess að virkja ár og læki í þeirra nánasta umhverfi. Ekki hafa margir farið alla leið og virkjað að lokinni undirbúningsvinnu og geta ýmsar ástæður legið þar að baki. Erfitt efnahagsástand hefur eitthvað með það að gera og óvissa um fjármögnun en hinsvegar situr eftir töliverð þekking víða um landið sem gagnast við frekari vinnu.

Varmadæluverkefnið byrjaði hægt en undanfarin tvö ár hefur aukin áhersla verið lögð á það með þátttöku í tilraunaverkefnum sem stýrt hefur verið af Orkusetri en fjármagnað af niðurgreiðslufjárveitingunni. Stórt skref í átt til almennrar notkunar á varmadælum var stigið með breytingu á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði sem gerir það að verkum að notendur geta nú fengið eingreiðslu gegn lækkun á niðurgreiðslu til kaupa á varmadælu. Fjölmargir hafa þegar nýtt sér þetta og má ætla að ásóknin muni aukast á komandi árum.

2.5 Orkusparnaðaráttak

Önnur breyting sem gerð var á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði varðaði framlag til orkusparnaðar. Áður var ráðherra heimilt að veita allt að 1% af fjárlagaliðnum til aðgerða sem leitt gætu til orkusparnaðar en nú er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði til orkusparnaðar. Það jafngildir rúmum 33 millj. kr. vegna ársins 2009 sem Orkusetur á Akureyri ráðstafaði í samvinnu við Orkustofnun og iðnaðarráðuneytið. Meðal verkefna á árinu var þátttaka í verkefni sem á að leiða til lækkunar á orkukostnaði við ræktun grænmetis í gróðurhúsum. Þá var haldið áfram með styrktarverkefni til bættrar einangrunar húsa og fengu 51 verkefni styrk samtals að upphæð kr. 30,6 milljónir.

- Við mat á umsóknum var horft til orkunotkunar húsnæðis.
- Forgang höfðu verkefni til endurbóta á húsnæði þar sem orkunotkun hafði reynst verulega mikil í samanburði við viðmiðunargildi fyrir sambærilegt húsnæði.
- Upphæð styrks til einstakra verkefna gat numið allt að kr. 600.000 en þó aldrei hærra upphæð en 50% af raunkostnaði hvers verkefnis.

2.6 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Orkustofnun fékk á árinu rúmar 14 millj. vegna umsjónar með niðurgreiðslum til húshitunar.

2.7 Niðurstaða ársins 2009

Samkvæmt tilkynningu úr iðnaðarráðuneytinu í lok ársins 2009 var ákveðið að nýta um 23 millj.kr. af fjárlagaliðnum til að styrkja rekstur Hitaveitu Öxarfjarðar. Þá runnu 19 m.kr. til fjármálaráðuneytisins í samræmi við tekjuafgang ársins 2008.

Fjárlagaliður 11-373	1.134.600.000
RARIK	612.549.792
Orkubú Vestfjarðar	197.706.175
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjar	92.420.493
Rafveita. Reyðarfjarðar	28.341.506
Orkuveita Reykjavíkur	3.910.522
Norðurorka	1.040.553
Niðurgreiðslur vegna olíuhitunar og einkarafstöðva	12.307.389
Eingreiðslur til hitaveitna	65.390.991
Orkusparnaður	35.300.000
Smávirkanir og varmadælur	6.146.509
Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	14.000.000
Tekjuafgangur skv. ársreikningi	65.486.070
Samtals útgjaldaliðir	1.134.600.000

Tafla 5: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2009

Niðurstaða ársins sýnir að fjárlagaliður 11-373 nýtist ekki sem skyldi og er ástæða þessa m.a. lægri niðurgreiðslna og minni framkvæmda hjá hitaveitum á rafhituðum svæðum.

3 ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2010

3.1 Almennar niðurgreiðslur

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 2010, fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, nam 1.129,8 m.kr. Sú breyting varð í byrjun árs að lagður var orkuskattur að upphæð 0,12 kr./kWst. á alla raforkunotkun. Ríkisvaldið ákvað að greiða notendum með niðurgreiðslu til baka þennan skatt með hækkun niðurgreiðslna sem orkuskattinum nemur. Nam sú upphæð 42 m.kr.. Áætlun iðnaðarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2010 var eftirfarandi.

1. Niðurgreiðslur á húshitun	993.300
2. Orkusparnaðaráttak allt að 3%	33.000
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	14.000
4. Jarðhitaleit	25.000
5. Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	64.500
Samtals:	1.129.800

Tafla 6: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2010

Fjárveitingin skiptist á 5 verkefnaði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár, m.a. hvernig fjárveitingunni skuli deilt á verkefnaði.

Í lögnum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% af heildarfjárveitingu til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða. Þann 1. nóvember var búið að greiða út 785 m.kr. og gerir Orkustofnun sér vonir um að meira verði til ráðstöfunar til stofnstyrkja þar sem beinar niðurgreiðslur virðast ætla að verða lægri en reiknað var með.

3.2 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Í ljósi efnahagsþrenginga varð minna úr hitaveituframkvæmdum á árinu 2010 en áætlanir gerðu ráð fyrir og fyrir vikið skapaðist svigrúm til að leggja fjármuni til verkefna sem snúa að orkusparnaði við húshitun. Í árslok 2010 var Orkustofnun búin að afgreiða um 75 umsóknir um styrk vegna uppsetningar á varmadælu að upphæð 32,5 millj.kr. Þá hafa verið greiddar út um 50,0 m.kr. vegna hitaveituframkvæmda á köldum svæðum. Töluvert var um minni framkvæmdir hjá hitaveitum þar sem verið var að tengja tvo til þrjá bæi við hitaveitu. Þá var og greitt eldri skuldbindingar að upphæð að upphæð 8,0 m.kr. en stærstu framkvæmdirnar voru samkvæmt neðanskraðri töflu 7.

Veita	Heildar-kostnaður	Fráðregið Jarðhitaleit	Þegar greitt	Eftirstöðvar
Norðurorka v/ hitaveitu í Eyjafjarðarsveit	27.900.000	0	24.000.000	3.900.000
Hitaveita Egilsstaða og Fella	21.242.342	0	6.700.000	14.542.342
Hitaveita sunnan Hvammstanga	4.590.029	0	1.700.000	2.890.029
Alls	55.282.834	0	32.400.000	21.332.371

Tafla 7: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna árið 2010

3.3 Smávirkanir og varmadælu

Ákveðið var að verja þeim fjármunum sem til ráðstöfunar voru til endurútgáfu á handbók um litlar vatnsaflsvirkjanir. Nokkrir kaflar handbókarinnar voru úreltir, sérstaklega hvað varðar lagaramman og leyfismál. Ný uppfærð handbók kom út á vordögum.

3.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er iðnaðarráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2010 var ákvörðun ráðherra, samkvæmt ráðleggingum Orkustofnunar, að verja 25 millj.kr. til jarðhitaleitar.

3.5 Orkusparnaðaráttak

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem farið var af stað með fyrir tveimur árum ásamt verkefnum tengdum varmadælum og bættri orkunýtingu. Á árinu 2010 var m.a. styrkjum vegna endurglerjunar úthlutað og fylgst verður með hvaða árangri það skilar á næstu árum. Um 260 aðilar sóttu um styrk og fengu um 170 manns styrk frá Orkusetri.

- Við mat á umsóknum var horft til aldurs og orkunotkunar húsnæðis.
- Upphæð styrks til einstakra verkefna gat numið allt að kr. 300.000 en þó aldrei hærrí upphæð en 50% glerkostnaðar.

3.6 Rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fær Orkustofnun 14 m.kr. árið 2010 vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði.

3.7 Endurskoðuð áætlun ársins 2010

Endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir lægri niðurgreiðslum í heildina en upphaflega var gert ráð fyrir. Þeir fjármunir sem spöruðust þar nýttust til eingreiðslna vegna hitaveituframkvæmda og til að styrkja einstaklinga vegna vistvænnar orkunýtingar.

	Áætlun 2010	Staða 1/10	Ný áætlun 2010
1. Niðurgreiðslur á húshitun	993.300.000	785.615.276	964.113.729
2. Orkusparnaðarátak allt að 3%	33.000.000		33.000.000
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	14.000.000		14.000.000
4. Jarðhitaleit	25.000.000		25.000.000
5. Stofnstyrkir	64.500.000	33.401.149	93.686.272
Samtals:	1.129.800.000	830.828.147	1.129.800.000

Tafla 8: Endurreiknuð áætlun ársins vegna fjárlagaliðar 11-373 árið 2010

4 ÁÆTLAÐAR NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2011

Orkustofnun hefur sett fram áætlun varðandi ráðstöfun fjármuna fjárlagaliðar 11-373 m.t.t. endanlegrar niðurstöðu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi í árslok 2010 og lagt fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar.

4.1 Almennar niðurgreiðslur

Samkvæmt upphaflegri tillögu að frumvarpinu til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á fjárlagalið 11-373, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Í meðförum Alþingis tók frumvarpið verulegum breytingum og m.a. ákveðið að afnema endurgreiðslur virðisaukaskatts af rafhitun. Til að bæta notendum með rafhitun þá hækkun, sem annars yrði á raforkureikningi heimilanna, var ákveðið að leggja 140 m.kr. til fjárlagaliðarins. Iðnaðarráðuneytið hefur, að tillögu Orkustofnunar, gert áætlun um skiptingu fjárlagaliðarins eins og fram kemur í töflu 9.

1. Niðurgreiðslur á húshitun*	1.074.000.000
2. Orkusparnaðarátak allt að 1,5%	17.140.500
3. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	12.000.000
4. Jarðhitaleit	0
5. Stofnstyrkir til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	39.559.500
Samtals:	1.142.700.000

Tafla 9: Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2011

*Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna eru 1.060 m.kr. og 14 m.kr. eru vegna notenda með olíuhitun og heimarafstöðva.samtals 1.074 m.kr.

4.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Verð á gasolíu til húshitunar hefur farið hækkandi á árinu 2010 og ekkert sem bendir til annars en að hún haldi áfram að hækka. Í áætlun ársins er gert ráð fyrir að verðið muni liggja á bilinu 110 til 120 kr./l. Niðurgreiðslur til notenda með heimarafstöðvar lækka úr 2,23 kr./kWst í 1,50 kr./kWst. Niðurgreiðslur til þessara aðila verða um 14 millj.kr. á árinu.

4.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Neðanskráð verkefni eru óstaðfest en hafa verið í umræðunni hjá hitaveitum. Samkvæmt áætlun Orkustofnunar eru tæpar 40 m.kr. til ráðstöfunar í stofnstyrki hitaveitna og verkefni tengd vistvænni orkuöflun. Það dugar skammt ef af þessum framkvæmdum verður. Það mun því myndast fjárför ef af öllum þessum framkvæmdum verður. Orkustofnun mun gera ráðstafanir til þess að upplýsa hitaveitur um stöðu mála og jafnfram óska eftir upplýsingum um væntanlegar framkvæmdir á rafhituðum svæðum á næstu árum.

Veita	Áætlun 2011 Þ.kr.	Athugasemd
Hitaveita frá Blönduósi til Skagastrandar	142.000	Útreiknað óstaðfest
Norðurorka v/ Hörgárbyggðar	40.000	Útreiknað
Verkefni frá árinu 2010 í Eyjafjarðarsveit	10.000	Í gangi
Verkefni frá árinu 2010 á Egilsstöðum	5.000	Í gangi
Önnur verkefni	5.000	Áætlun
Samtals til greiðslu 2011 til 2012	202.000	Ef af framkvæmdum verður

Tafla 10: Heildar fjárförf vegna eingreiðslna til hitaveitna.

Mikill og vaxandi áhugi er fyrir uppsetningu á varmadælum í dreifbýlinu. Taka þarf ákvörðun annarsvegar um hvar lögð skuli áhersla á varmadæluvæðingu og hinsvegar jarðhitaleit og hitaveituf framkvæmdir. Orkustofnun hefur áður nefnt þörfina á því að endurskoða og leggja mat á árangur jarðhitaleitar og hagkvæmni hitaveituvæðingar í dreifbýli og verður ráðist í það verkefni á árinu 2011.

4.4 Smávirkjanir og varmadælur

Þegar lög um niðurgreiðslur voru samþykkt á Alþingi árið 2002 voru ákvæði til bráðabirgða tengd smávirkjunum og varmadælum. Þeim þætti er nú lokið með endurútgáfu á handbók um litlar vatnsaflsvirkjanir á árinu 2010, þátttöku Orkustofnunar í verkefninu “Orkubóndinn” og breytingum á lögum sem gerir varmadælur að áhugaverðum kosti á köldum svæðum þar sem orkunotkun er veruleg.

4.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna. Mikilvægt er að lagt verði mat á árangur af jarðhitaleit síðustu 10 ára og að í ljósi þeirra niðurstaðna veðri lagt mat á framhald jarðhitaleitar. Orkustofnun mun leggja fram tillögur um úttekt sem kynntar verða ráðuneytinu á árinu 2011.

4.6 Orkusparnaðaráttak

Áfram verður unnið að þeim verkefnum sem Orkustofnun og Orkusetur hafa sameinast um. Þau helstu eru styrkir til bættrar einangrunar, ýmis verkefni tengd mismunandi gerða varmadæla við mismunandi aðstæður, tilraunir með sparperur við gróðurhúsálýsingar sem og önnur minni verkefni.

4.7 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins fær Orkustofnun 12 millj.kr. fyrir umsjón og eftirlit árið 2011.

5 TILLÖGUR

5.1 Niðurgreiðslur ársins 2011

Orkustofnun leggur til við Iðnaðarráðuneytið að niðurgreiðslur til húshitunar verði jafnaðar þannig að þær væru sama hlutfall af dreifikostnaði um allt land. Dreifikostnaður er mjög mismunandi eftir dreifiveitusvæðum og hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli. Svo það gangi eftir þarf að lækka þær á einum stað en hækka þær á öðrum.

Í samræmi við ofanskráð og 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2011 leggur Orkustofnun til við iðnaðarráðherra að fjárhæð niðurgreiðslna verði sem hér segir:

- a) **Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verði:**
- | | |
|--|-----------------|
| á veitusvæði HS Veitna | 2,97 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli..... | 4,15 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 2,81 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar | 2,53 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli..... | 4,17 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 3,09 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur | 3,16 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 2,85 kr./kWst. |
- b) **Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.**
Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum hjá RARIK skal vera 2,10 kr./kWh, hjá Orkubúi Vestfjarða 2,04 kr./kWst. og hjá HS Veitum 73,90 kr./m³.
- c) **Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) **Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2011 leggur Orkustofnun til við iðnaðarráðherra að hámarksfjölda niðurgreiddra kWst/ári til hitun verði 40.000 kWst sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 5.375 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar sem og hámark þeirra samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2011.

5.2 Breyting á framkvæmd niðurgreiðslna

Orkustofnun leggur til að niðurgreiðslur í dreifbýli taki mið af flatarmáli íbúðarhúsa að hámarki 40.000 kWst/ári. Í þéttbýli hafa reynslutölur sýnt að 85% af heildarnotkuninni lætur nærri að vera hlutur rafhitunar og 15% almenn notkun. Á árum áður var hlutfallið milli rafhitunar og almennrar notkunar til sveita 70/30 þar sem um markmælingu var að ræða og hjá öðrum í dreifbýlinu var almennt sú regla að hver notandi var með tvo mæla þannig að rafhitun var sérmæld. Orkustofnun mun skila iðnaðarráðuneytinu gögnum þar sem farið er yfir með hvaða hætti þetta hefur áhrif á niðurgreiðslur til notenda og hvernig þetta tekur meira mið af raunverulegri húshitunarpörf eftir stærð og gerð húsnaðis frekar en staðfestri notkun.

5.3 Skerpa reglur varðandi umsóknarferil hitaveitna um eingreiðslna til hitaveitna

Orkustofnun telur mikilvægt að vitneskja stjórnvalda um áætlaðar framkvæmdir hitaveitna á köldum svæðum liggja fyrir mun fyrir en nú tíðkast. Því er lagt til að í 13. gr. reglugerðar verði bætt við klásúlu um þann tímaramma sem Orkustofnun setur um eingreiðslu til hitaveitna.

13. gr.

Umsóknir um styrki vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

Fyrir 1. október ár hvert skuli hitaveitur hafa sótt um styrki vegna framkvæmda á komandi ári. Hitaveitur geta sótt um styrk á grundvelli 1. og 2. tölulið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 78/2002 til Orkustofnunar. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um hitaveituna, fyrirhugaðar framkvæmdir, hvernig fyrirhugað er að ráðstafa styrknum og önnur atriði sem máli skipta varðandi afgreiðslu styrkumsóknar.

Akureyri 14. febrúar 2111